


KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniboðsfélaga



í trú, von og kærleika

sik.is



Fylgt úr hlaði

Við höfðum rétt náð að hendast inn í kirkjuna áður en úrhellið skall á. Regnið buldi á bárujárnsþakinu og það var ekki nokkur leið að heyra mannsins mál fyrir hávaðanum sem af því hlaut. Úti fyrir mynduðust fjótt lækir sem streymdu í stríðum straumum og mynduðu nýja farvegi allt í kringum kirkjuna. Við vorum stödd í Kapenguria þar sem íslenskir kristniðoðar hófu boðunarstarf fyrir um 30 árum. Þegar regninu slotaði var hægt að fara að tala saman á ný. Eftir formlegar kveðjur og erindi sem þurfti að bera upp var orðið gefið laust. Kona nokkur tók þá til máls og sagði frá því þegar hún heyrði fagnaðarerindið fyrst. Íslenski kristniðoðinn hafði þá lesið upp úr Biblíunni og lagt út frá orðum Jesú um að hann færi aftur til Guðs að búa okkur

stað. Þetta snerti við henni. Hún var svört og kristniðoðinn var hvítur. Ef Guð hans hefði sagt að hann væri að búa okkur öllum sama stað þá vildi hún fylgja þeim Guði sem færi ekki í manngreinaralit.

Það er orð Guðs sem breytir fólki. Það er Kristur sem gefur von. Guð sjálfur er persónulegur Guð sem þráir samfélag við fólkið sitt. Hann skapaði fólk til samfélags við sig. Þrátt fyrir að hans eigið fólk hafi snúið við honum baki gafst hann ekki upp heldur sendi einkason sinn til þess að endurreisa sköpunina og endurheimta elskuð börn sín. Jesús kom sem hin endanlega fórn sem opnar leiðina til Guðs. Þetta stendur okkur til boða og þetta er það sem kristniðoði gengur út á.

Sigríður Schram

Sumargjöf til kristniðoðsins - fékkstu valkröfu?

Eins og mörg undanfarin ár birtust valkröfur í heimabönkum áskrifenda Kristniðoðsfrétta í maí. Valkrafan er send til hvatningar og til að auðvelda gjöf til kristniðoðsins.

Í blaðinu má lesa um fjölbreytt starf Kristniðoðssambandsins, hinn mikla ávöxt þess en einnig áskoranir. Kristniðoðssambandið byggir starf sitt á gjöfum velunnara kristniðoðsins. Við

þökkum þeim sem lagt hafa starfinu lið áratugum saman og bjóðum nýja stuðningsmenn velkomna.

Upphæð valkröfunnar er 5.000 kr. Vilji einhver gefa minna eða meira er gjafareikningurinn 0117-26-002800 og kennitalan 550269-4149.

Drottinn blessi þig og þína og gefi ykkur öllum gott sumar.

Sigríður Schram framkvæmdastjóri

Kristniðoðsfréttir

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniðoðsfélaga, SÍK.

Blaðið Kristniðoðsfréttir segir frá kristniðoðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristniðoð sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Hægt er að skrá áskrift með því að hafa samband við skrifstofu SÍK í síma 533 4900 eða með rafpósti til kristnibod@sik.is - annaðhvort prentaða útgáfu í almennum pósti eða með rafrænum hætti á rafpóstfang viðtakanda. Áskrift er ókeypis!

Ritstjóri: Sigríður Schram.

Útlit og uppsetning: Huguína Lena Hansdóttir.

Prófarkalestur: Friðrik Zimsen og fleiri.

Prentun: Prentun - Leturprent.

Útgefandi er Samband íslenskra kristniðoðsfélaga (SÍK), oft nefnt Kristniðoðssambandið, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík.

Sími: 5334900. Rafpóstur: sik@sik.is Vefslóð: www.sik.is

Framkvæmdastjóri er Sigríður Schram.

Forsíðumynd: Bryndís Róbertsdóttir. Frá Korpu.

Hvað er kristniðoð?

Kristniðoð snýst um að gera Jesú Krist þekktan meðal þjóðanna með því að boða fagnaðarerindið um hann og sýna fólki kærleika Guðs í verki með kærleiksþjónustu sem veitt er án nokkurra skilyrða og nokkurra þvingana. Þannig hefur fólk verið hjálpað með ýmsum hætti á sviði heilsuverndar og heilsugæslu, menntunar og skólastarfs, fræðslu um umhverfismál, trjárækt og sjálfbærni, með valdeflingu kvenna o.fl. SÍK tekur þátt í ýmsum verkefnum í Eþíópíu og Keníu með fjárframlögum og ráðgjöf og er með kristniðoða í Japan. Með þátttöku í öflugum fjölmiðlastarfi fær fjöldi fólks tækifæri til að kynna Jesú Kristi í Mið-Austurlöndum, Norður-Afríku, Pakistan og Kína. Hagnýt ráð og hjálpar veitir von og styrk.

Á Íslandi er boðunar- og fræðslustarf á samkomum og fundum, með útgáfu lesefnis og birtingu á netinu. SÍK býður útflendingum ókeypis íslenskukennslu.

Ejarmál

Starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks, fjáröflun og sölu á nýjamarkaði Basarsins. Þjóðkirkjan styður starfið með árlegu framlagi, utanríkisráðuneytið styrkir afmörkuð verkefni eftir umsókn og Rannís íslenskukennslu fyrir útflendinga.

Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2800 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er um 130 milljónir á þessu ári. Nú eru gjafir að upphæð 10.000 til 350.000 á ári frádráttarbærar til skatts.

Fréttir af aðalfundi og fjármálum

Aðalfundur SÍK var haldinn miðvikudaginn 23. apríl. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf. Framkvæmdastjóri flutti skýrslu starfsins og flutti starfsáætlun fyrir starfsárið 2025–26. Stjórnarfolk sem ganga átti úr stjórn var allt endurkjörið.

Gjaldkeri stjórnar kynnti endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2024, fór yfir helstu tölur og kynnti fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Samkvæmt ársreikningi var rekstur síðasta árs í jafnvægi, tekjur á pari við útgjöld, en vegna afskrifta af húsnæði kemur ársreikningur út með 4,5 milljón króna halla.

Fjárhagsáætlun þessa árs gerir ráð fyrir 6 milljóna króna halla og brynt er að leita nýrra leiða varðandi fjármögnun starfsins. Vert er að geta þess að sótt hefur verið um styrki til utanríkisráðuneytisins til þróunarstarfs í Keníu og hlutur SÍK er 20% af kostnaði við verkefni.

Á fundinum var kynnt ósk frá Kirkjuliga Heimamissíónin í Færeyjum um samstarf

um kristnið á Íslandi. Fundurinn samþykkti einróma að fela framkvæmdastjórum beggja kristniðsambanda að hefja samstarf og ákveða næstu skref.

Í lok fundar var haldið kveðjuhóf fyrir Ragnar Gunnarsson sem lét af störfum

sem framkvæmdastjóri SÍK eftir um 20 ára starf sem slíkur.

Starfsskýrsla er aðgengileg á heimasíðu SÍK – sem frétt dagsett 24. apríl.

Sigríður Schram



Framkvæmdastjóraskipti

Þakkar og kveðjur til Ragnars Gunnarssonar fráfarandi framkvæmdastjóra SÍK

Tímamót urðu í starfi Kristniðsambandsins í lok kristniðsviku þegar Ragnar Gunnarsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri eftir 20 farsæl ár í starfi. Fyrir þann tíma hafði hann verið kristnið í Keníu og komið að starfi SÍK með ýmsum öðrum hætti. Ragnar fór til Pókot í Keníu

ásamt fjölskyldu sinni fyrir síðustu aldamót og dvaldi þar í þrjú tímabil, en á þeim tíma var starfið í Pókot í Keníu enn mjög ungt.

Eftir dvöl þeirra þar hefur Ragnar oft farið út til styttri dvalar, sinnt fræðslu og veitt leiðtogum hinnar ungu kirkju stuðning og ráð. Hvarvetna sem farið er um Pókot líta menn til hans með þakklæti fyrir að hafa flutt þeim fagnaðarerindið og

veitt uppfræðslu í Orðinu.

Starf SÍK hefur vissulega þróast á undanförunum árum, bæði hér heima og erlendis.

Íslenskukennslan, Basarinn, kristnið í Japan, kristnið í London og víðar í Evrópu og kristnið gegnum fjölmiðla þar sem erfitt eða ómögulegt er að stunda hefðbundið kristnið. Allt þetta er nýlegt í starfi SÍK en þess hefur einnig verið gætt að halda áfram að styðja kirkjurnar ungu sem spruttu af kristniðinu í Eþíópíu og Keníu. Margt af nýbreytni síðustu ára er að frumkvæði Ragnars sjálfs. Hann er fræðari af Guðs náð, um það vitna mörg þeirra sem notið hafa. Í því sambandi má ekki gleymast að hann var einn af þeim allra fyrstu til að kenna ALFA-námskeiðið hér á landi og vegna framsýni hans hefur SALT ehf., útgáfufélag Kristniðsambandsins, útgáfurétt á námsgögnum ALFA á Íslandi.

Nú verða kaflaskil hjá Ragnari en við trúum því að kristniðið hverfi aldrei úr hjarta hans og jafnframt að starf hans haldi áfram að bera ávöxt í lífi okkar sem nutum þess. Á þessum tímamótum vill stjórn SÍK af hjarta þakka Ragnari þjónustu hans og trúmennsku í starfi og óska þeim Hrönn allrar Guðs blessunar.



Kveðja og fréttir frá Topolchane, Búlgaríu

Kæru kristniboðsvinir!

Við flytjum ykkur góðar kveðjur frá Búlgaríu. Það var sannarlega dýrmætt að koma heim til Íslands seinnipartinn í apríl og hitta fjölskyldu og vini. Tíminn leið allt of hratt og við hefðum gjarnan viljað eiga lengri tíma með þeim sem okkur þykir vænt um.

Daglegt líf hér heldur áfram af krafti. Við sinnum ráðgjöf og kennslu, ræktum samfélagið hér í þorpinu okkar, auk þess sem við höfum sinnt vorverkunum í garðinum.

Ráðgjöf hefur verið okkar aðalstarf alla tíð. Við sinnum einstaklingum – kristnum sem ókristnum – sem glíma við ýmsar persónulegar áskoranir. Þar má nefna kristni-

boða, safnaðarleiðtoga, hjón, unglinga og börn. Margir glíma við áfallastreitu, kvíða, þunglyndi, samskiptaörðugleika eða önnur tilfinningaleg vandamál.

Á þessum 16 árum höfum við orðið vitni að djúpstæðum umbreytingum í lífi einstaklinga, umbreytingum sem ekki verða útskýrðar eingöngu með faglegum rökum, heldur aðeins með inngrípi Drottins á undraverðan hátt. Slíkt er okkur mikil hvatning í starfinu.

Einnig höfum við sinnt kennslu í kristlegri ráðgjöf. Námið er tveggja ára og fer fram með reglulegum námshelgum, frá föstudegi til sunnudags, samtals 20 helgar. Nú í júní lýkur annar hópur námi og hafa átta einstaklingar lokið því og starfa nú í hlutastarfi með skjólstaðingum sínum. Námið byggir á því sem við lærðum sjálf árið 2009 við CWR í Waverley Abbey á Englandi, en við höfum þróað það áfram í ljósi eigin reynslu síðustu 16 ára. Það hefur reynst dýrmætt að geta deilt þeirri reynslu með nemendum okkar.

Það er mjög uppörvandi að sjá nemendur takast á við áskoranir og hvernig Guð notar þá sem verkfæri til að leiða aðra í gegnum erfiðleika.

Við biðjum nú fyrir því að fjórir til sex einstaklingar skrái sig í næsta hóp sem hefur nám í september. Nokkrir hafa sýnt áhuga, og við trúum að Guð sé að kalla þá

í slíkt starf.

Samfélagið hér í Topolchane er áskorun út af fyrir sig. Í þorpinu búa um 4000 manns, þar af eru um 2500 af Róma uppruna. Margir þeirra hafa litla menntun og glíma við ýmsar félagslegar áskoranir. Þrátt fyrir að hér séu þrjár evangelískar kirkjur hefur samvinna þeirra ekki gengið sem skyldi. Við höfum leitast við að byggja upp tengsl við leiðtoga kirkna og búlgarska íbúa þorpsins. Nora hefur verið ötul við að spjalla við fólk og biðja með því. Því miður er búlgarska samfélagið hér að eldast og margt ungt fólk hefur flutt burt í leit að betra lífi.

Seinnipartinn í maí fengum við heimsókn frá tveimur góðum vinum frá Glenabbey kirkjunni okkar á Írlandi. Annar þeirra er öldungur í kirkjunni og hefur umsjón með kristniboðum á vegum kirkjunnar. Tilgangur heimsóknarinnar var að styrkja okkur og hvetja, auk þess að rýna í þær áskoranir og persónulegu þarfir sem við stöndum frammi fyrir, en þær eru m.a. þær að við eldumst með hverju árinu og þurfum að huga að því hvort við setjumst hér í helgan stein eða flytjum héðan þegar þar að kemur.

*Kærar kveðjur,
Gísli og Nora í Búlgaríu*

Bænaþefni:

- Biðjið fyrir okkar persónulegu áskorunum og andlegri vernd
- Fyrir þeim sem við sinnum með ráðgjöf, börnum, unglungum, hjónum og einstaklingum.
- Fyrir ráðgjafanáminu, að námskeiðslokin í júní gangi vel og að réttir einstaklingar skrái sig í nýjan hóp í september.
- Fyrir samskiptum við íbúa þorpsins.



Allir velkomnir á Basarinn

Ég vind mér inn á Basarinn með fangið fullt af vörum sem ég býð Karli Jónasi Gíslasyni verslunarstjóra - eða bara Kalla eins og hann er alltaf kallaður. Hann þiggur örbylgjuofninn, skjalatöskuna og seðlana með þökkum og býður mér nýlagað kaffi inni á kaffistofu. Hann er líka til í smá spjall um Basarinn.

„Stærsta málið á Basarnum er hve við búum vel að sjálfbóðaliðum,“ segir hann. „Um ellefu manns gefa vinnu sína hjá okkur. Það hafa aldrei verið vandræði með mönnun á Basarnum. Ég mæti sjálfur alltaf snemma á morgnana, geng frá og sortera það sem kemur inn. Svo koma sjálfbóðaliðarnir og ganga frá þessu inn í búðina. Margir þeirra er fólk sem komið er á eftirlaun og langar að leggja okkur lið hálfan dag í viku.“

Basarinn þjónar sem hálfgerð félagsmiðstöð

„Stór hluti starfsins núna snýst um að Basarinn er orðinn eins konar félagsmiðstöð,“ heldur Kalli áfram á meðan ég sýp á ilmandi kaffinu. „Það hefur bæst mikið í hverfið með mikilli fjölgun íbúða og

marginir koma reglulega við, stoppa aðeins og spjalla. Sumir biðja um fyrirbæn sem er fúslega veitt. Basarinn er gríðarlega mikilvægur fyrir marga því hann rýfur einangrun þeirra. Það er svo lágur þröskuldur hingað inn og allir eru velkomnir. Svo kemur hingað fólk sem er orðið sérfræðingarnir okkar í ýmsum vörum, t.d. stytum, listaverkum eða bókum og gefur okkur ráð um verðgildi þeirra. Við höfum t.d. fengið frumútgáfur af verðmætum bókum og getað selt þær á eðlilegu verði vegna sérfræðipækningar velunnara okkar.“

Föt seljast vel

„Ég hef nú stundum birt lista á Facebook yfir það sem ég vil fá“, svarar Kalli þegar ég spyr hann um hvers lags muni hann vilji helst fá á Basarinn. „Það eru t.d. heil og hrein föt, gjafavara og skrautmunir. Föt seljum við ódýrt, öll jakkaföt seljast á 3.000 kr. og fatnaðurinn gefur vel af sér. Við tökum líka við heilum og fínum skóm, en alls ekki við þeim sem eru illa farnir. Við reynum að stýra því hvað kemur til okkar svo við þurfum sem minnstu að henda. Við reynum líka að vera með gæðavöru og tökum t.d. ekki við vörum frá Temu o.þ.h.“



Enginn þröskuldur inn á Basarinn

Þegar ég spyr Kalla að því hverju hann sé stoltastur af á Basarnum, stendur ekki á svari: „Ég er stoltastur af því að það er enginn þröskuldur inn á Basarinn. Allir eru velkomnir og við mætum hverjum sem er fordómalaust. Fólk getur komið inn til að skoða, versla, spjalla og fá fyrirbæn ef það vill. Sumir átta sig á því þegar þeir eru við afgreiðsluborðið að þeir séu að styðja kristnið og eru ekki sáttir við það. Einn kom hingað inn til að kaupa ljóðabók og sagðist í leiðinni vera algjörlega á móti kristnið. Honum fannst bara að hver væri sæll í sinni trú. Þá hafði ég tækifæri til að segja honum að það væri alls ekki þannig. Ég get ekki verið á hliðarlínunni þegar fólk í Eþíópíu ber út börnin sín og það fólk er alls ekki sælt í sinni trú. Útburður barna viðgengst ennþá og þetta er ekki bara eitt barn, ekki tvö börn. Þetta fólk er ekki sælt í sinni trú. Við sem þekkjum til og vitum þetta öxlum ábyrgð og leyfum okkur ekki að segja að hver sé sæll í sinni trú. Við breytum ekki menningunni í Eþíópíu en við boðum fagnaðarendindið, við erum með lestrar-kennsluverkefni, skólabyggingar og heilsugæslu. Ekkert af þessum verkefnum spyr um trú en það er trúin sem knýr okkur til að hafa þessi verkefni.“

Þannig að þú ert til í að taka spjallið við alla, hvort sem það er um vörurnar sem þú selur, lífsviðhorf, heimspeki, líðan eða trú og tekur vel á móti öllum, jafnvel þeim sem óska eftir að fá fyrirbæn? spyr ég að lokum. „Já, algjörlega! Við tökum vel á móti öllum!“

Sigríður Schram

Hvað viljum við fá á Basarinn?

- Hreinan og heilan fatnað á fullorðna*
- Heila og hreina eldhúsmuni, hnífapör og stell
- Hreinar og heilar gjafavörur, stytur og vasa
- Geisladiska og DVD diska
- Bækur á íslensku:
 - ævisögur útgefnar á þessari öld
 - íslensk skáldverk (innbundin og kiljur)
 - þýdd skáldverk (kiljur)
 - þjóðlegan fróðleik
 - sagnfræði
 - ættfræði
 - ljóðabækur
- Bækur á ensku:
 - kiljur

* Tökum ekki við bómullarbolum, nærfötum og notuðum sokkum, barnafatnaði og leikföngum

Fréttabréf frá Leifi og Katsuko í Japan

Kæru kristniðóðsvinir!

Hjartanlegar kveðjur frá söfnuðinum hér á Rokko-eyju! Við viljum deila með ykkur uppörvandi frásögu sem sýnir hvernig Guð getur notað einfalda hluti til að koma miklu af stað.

Smáhópar sem breyttu miklu

Þó smáhópar virðist oft vera einfaldir og látlausir, geta þeir haft áhrif sem ná langt út fyrir stofuna sem fólk hittist í. Hér er saga frá Japan um hvernig heimahópar geta vaxið og orðið að lifandi söfnuðum sem veita einmana einstaklingum nýtt samfélag.

Frásaga séra Ariki

Nýlega átti ég samtál við séra Ariki. Hann er vel þekktur fyrir störf sín sem útvarpsprestur fyrir evangelísk-lúthersku kirkjuna í Japan (WJELC). Þrátt fyrir að vera kominn yfir áttætt tekur hann enn virkan þátt í kristilegu starfi. Hann þjónaði sem prestur hér á Rokko-eyju snemma eftir að söfnuðurinn var stofnaður og hann hittir enn hóp sem æfir á þverflautu tvisvar í mánuði. Ég hef því reglulega tækifæri til að spjalla við hann.

Augun hans ljóma enn þegar hann talar um handleiðslu Guðs og það sem hann hefur fengið að reyna með Guði. Árið 1973 tók hann við sem prestur í Aotani-söfnuði. Þá stóð hann frammi fyrir þeirri stöðu að söfnuðurinn hafði enga eigin kirkjubyggingu.

Þar sem bæði Biblíu- og prestaskólinn eru til húsa í Aotani þurfti söfnuðurinn að deila húsnæði með nemendum skólanna. Á þessum árum voru um 20 til 30 nemendur við hvorn skóla og þar sem skólasterfið fór fram í kirkjubyggingunni, var hún sífellt í notkun. Það var því þröngt á þingi og lítið rými fyrir safnaðarmeðlimi til að hittast og eiga samfélag eða guðsþjónustur.

Í dag er þetta einn af stærstu söfnuðum WJELC og þar eru bæði kirkjan og skrifstofur norska kristniðóðsins til húsa.

Heimili verða kristniðóðsstöðvar

Þá var tekin sú ákvörðun að hittast í heimahúsum í staðinn. Innan skamms voru þessir heimahópar orðnir þrettán. Trúað fólk safnaðist saman við eldhúsbörð eða í stofum, deildi með sér veitingum og las saman í Biblíunni. Það var beðið saman og fólk deildi bæði gleði og áhyggjum sínum. En það mikilvægasta var að þau buðu nágrönnum sínum og vinum sem ekki þekktu Jesú að taka þátt.

Árangurinn lét ekki á sér standa. Kirkjan óx og tveir hópar urðu að sprota tveggja nýrra safnaða: Itami-safnaðar og Kita-Suzurandai-safnaðar, sem báðir dafna enn í dag.

Sami Guð, þá og nú

Þessi frásaga minnir okkur á samfélag frumkirkjunnar sem við lesum um í Post-



Lilja, Katsuko, Leifur og Elín

ulasögunni. Í 2. kafla er sagt frá því hvernig trúað fólk hittist heima hjá sér, borðaði saman og deildi trú sinni daglega.

Þetta er ekki bara eitthvað sem gerðist fyrir 2000 árum. Þetta sérstaka samfélag er enn til staðar í dag. Hvort sem við erum í annasömu japönsku borgarsamfélagi eða í kyrrlátri íslenski sveit, þá er eitthvað einstakt við það að hittast í heimahúsum. Hindranir minnka, samtöl verða eðlilegri og fólk finnur frelsi til að velta fyrir sér spurningum sem það hefur ekki tækifæri til að spyrja í hefðbundinni guðsþjónustu á Sunnudögum.

Ég veit að mörg ykkar heima á Íslandi hittist reglulega í kristniðóðshópum. Og sum ykkar hafa eflaust tekið þátt í smáhópastarfi líkt og í Willow Creek-söfnuðunum í Bandaríkjunum. Slíkir hópar eru kjörið tækifæri til að bjóða vinum og nágrönnum sem eru forvitnir um kristna trú.

Ný von

Hér á Rokko-eyju erum við með einn virkan heimahóp. Það byrjaði á mjög einfaldan hátt. Eldri hjón, sem nýverið höfðu tekið trú og látið skírast, vildu læra meira um Biblíuna. Við hjónin byrjuðum því með biblíulestur heima hjá þeim. Þau kunnu mjög vel við þetta. Þetta var tækifæri til að spyrja spurninga um trúmál og það sem þau lásu í Biblíunni. Þau gátu deilt hugsunum sínum og áhyggjum í öruggu umhverfi. Þetta varð að raunverulegu sam-



Séra Ariki



Kobe og Rokko eyja

félagi þar sem þau gátu vaxið í trúnni.

Fyrir tveimur árum lést eiginmaðurinn. En eiginkonan hefur haldið áfram og metur þessa fundi mjög mikils. Hún hefur oft tjáð okkur hversu mikla þýðingu þeir hafa fyrir hana – ekki aðeins til að læra og vaxa í trúnni heldur einnig vegna félagskapsins. Það eru margar einmana sálir í Japan.

Svo bættust fleiri úr kirkjunni í hópinn og nú eru um níu manns sem hittast reglu-

lega. Það er virkilega ánægjulegt að fleiri eru farnir að átta sig á hversu dýrmætt þetta samfélag er. Það er miklu auðveldara að bjóða fólki heim til sín en að bjóða því í messu. Heimili veitir öryggi og hlýju..

Prestum í WJELC fækkar stöðugt og margir úr söfnuðinum eru að eldast. Séra Hirano, presturinn sem ég starfa með, er 76 ára. En þetta gefur okkur von og í haust, þegar WJELC-söfnuðirnir hér í Kobe og

Osaka hittast á haustþingi, þá ætlum við að vekja athygli á smáhópastarfinu. Vonandi verður það öðrum söfnuðum hvatning til að stofna sína eigin hópa.

Fréttir af fjölskyldunni

Við viljum einnig deila stuttlega fréttum af fjölskyldunni okkar. Katsuko hefur tekið við nýrri ábyrgð sem skrifstofustjóri á skrifstofu norska kristniboðsins (NLM) í Japan. Hún tekur við starfinu af norskum kristniboða sem er að fara á eftirlaun. Þetta er mikil ábyrgð, en hún ræður afar vel við hana.

Börnin okkar hafa það öll gott. Hannes, sem er nú 20 ára, er í háskólanámi á Íslandi. Hér í Japan er Lilja að undirbúa sig undir að byrja í IB-námi (11. og 12. bekkur). Hún er bæði spennt og kvíðin fyrir þessu nýja krefjandi námi. Elín, sú yngsta, er í 4. bekk og nýtur lífsins með vinum sínum.

Fyrirbænaþefni

Við trúum því að Guð vilji framkvæma eitthvað sérstakt í gegnum smáhópastarfið – bæði hér í Japan og heima á Íslandi. Biðjið fyrir því að hann gefi okkur sýn og hugrekki, sérstaklega í nóvember þegar við hittum alla söfnuði á Kobe- og Osaka-svæðinu. Margir prestar eru þreyttir. Biðjið fyrir þeim og að Guð gefi þeim þrótt á ný.

*Með þakklæti,
Leifur, Katsuko og co.
Rokko-eyja, Japan*



Í kirkjunni

Kristniboðsvikan 2025

Kristniboðsvika SÍK var haldin dagana 23. febrúar – 2. mars og yfirskrift vikunnar var Gerum Jesú þekktan meðal þjóðanna. Á hverju kvöldi var sjónum beint að einhverju starfssvæða Kristniboðssambandsins. Norðmaðurinn Eivind Jätun var sérstakur gestur vikunnar, en hann er uppalinn í Japan, starfaði sem kristniboði í Keníu og Tansaníu, og er nú svæðisstjóri NLM fyrir Japan og Kína.

Fjölmargir komu að skipulagningu vikunnar og fluttu erindi, tónlist, kynningar, hugleiðingar og fleira. Fjallað var m.a. um stöðu kristni í Evrópu, framtíð kristniboðsstarfsins í Keníu og Eþíópíu, kristniboð í Evrópu og Japan auk þess sem þrjár kynslóðir ræddu saman í útvarpi um reynslu sína af kristniboði. Við fengum hvatningu frá máttarstólpa í Eþíópíu um að halda okkur við Krist og fræðslu frá íslenskum kristniboða á Íslandi um hvernig gott sé að hefja samtöl við fólk um trúar-afstöðu og heimsmynd. Einnig sáum við kynningarmyndband frá Sat7 og vitnisburði um hvernig Guð snertir við fólk

í gegnum sjónvarpsstöðina og nutum hæfileika öflugs tónlistarfólks á fjáröflunartónleikum til styrktar kristniboðinu.

Vikan endaði svo með hátíðarsamkomu

þar sem sjónum var beint að kristniboði á Íslandi og framkvæmdastjórnarskipti SÍK fóru fram.



Nýtt samstarf SÍK og Kirkjuliga Heimamissiónin í Færeyjum

Á aðalfundi SÍK í apríl var samþykkt að ganga til samstarfs við færeyska kristniboðssambandið „Kirkjuliga Heimamissiónin“, sem leitaði eftir samstarfi við SÍK.

Kristniboðshreyfingarnar tvær eiga margt sameiginlegt þótt styrkleikar þeirra liggja á ólíkum sviðum. Til að mynda er kristilegt ungmennastarf mjög öflugt hjá

Kirkjuliga Heimamissiónin en þeir hafa ekki reynslu af því að senda kristniboða til annarra landa. Þeir eru að stíga sín fyrstu skref varðandi tungumálakennslu fyrir innflytjendur en þar getum við miðlað af 10 ára reynslu okkar. Báðar hreyfingarnar vilja leggja áherslu á starf meðal ungs fólks, leiðtogaþjálfun, aðstoð við aðlögun innflytjenda, sameiginleg alþjóðleg trúboðsverkefni og sameiginlegt bæna-samstarf.

Samstarf við nágranna okkar í Færeyjum er gleðilegt skref, þar sem þjóðirnar eru líkar og góð tengsl hafa ætíð verið milli Færeyja og Íslands. Kirkjuliga Heimamissiónin rekur einnig sjómannaheimilið Örkina í Reykjavík og margir Færeyingar heimsækja Ísland reglulega til að halda samkomur og aðra viðburði.

Fulltrúar frá Kirkjuliga Heimamissiónin verða gestir okkar á sameiginlegu haustmóti SÍK, SALTS kristins samfélags og Íslensku Kristskirkjunnar.



Íslenskukennslan

Fjölbreyttur hópur nemenda sækir íslenskukennslu hjá SÍK tvisvar í viku yfir vetrartímann. Þetta er fólk frá ýmsum heimshornum sem sest hefur að á Íslandi eða leitar hér að tækifærum til betra lífs. Að meðaltali hafa um 40 manns sótt kennsluna í hvert skipti í vetur. Margir sjálfboðaliðar koma að íslenskukennslunni með kennslu, samtölum og umsjón með kaffiveitingum. Þetta eru nemendum dýrmætar stundir, bæði til lærdóms og samfélags. Fyrir marga þeirra er þetta mikilvægt tækifæri til að hitta samlanda sína og okkur Íslendingana, eiga gefandi samtöl og þjálfa sig í að skilja og tala íslensku. Margir nemenda okkar leika líka lykilhutverk í að styðja við aðra sem eru styttra komnir í íslenskunni og það er gaman að sjá fólk hjálpast að.

Kennslu vetrarins lauk með vorferð í Reykholt í Borgarfirði þar sem sr. María Ágústsdóttir tók vel á mótí hópnum. Nemendur fræddust stuttlega um Reykholt, nutu yndislegs veðurs og náttúru og margir dýfðu tánum í hina frægu Snorra-laug. Við færum sr. Maríu bestu þakkir fyrir hlýjar móttökur og öllum þeim sem lögðu okkur lið við að fjármagna rútufærðina.

Íslenskukennslan hefst aftur um miðjan september og verður nemendum að kostnaðarlausu eins og hingað til. Einnig er verið að kanna möguleika á að bjóða upp á Alfa námskeið í haust, jafnvel á farsí, fyrir

þá sem vilja kynna sér grundvallaratriðin í kristinni trú, hvort sem fólk tengist íslenskukennslunni eða ekki.

Sigríður Schram



Sendiboðar í Sahara


Á síðasta ári fékk Kristniðóðssambandið beiðni frá Mekane Yesus kirkjunni í Epíópíu um að greiða laun kristniðóða á þeirra vegum í Tsjad. SÍK samþykkti það og greiðir laun þeirra yfirstandandi almanaksár. Um er að ræða ung hjón frá Konsó sem fengu fyrir nokkrum árum kristniðóðsköllun þegar Katrín Guðlaugsdóttir var þar í heimsókn. Þau eru nú í Tsjad ásamt þremur börnum sínum.

Tsjad er landlukt ríki í Mið-Afríku og er að stærstum hluta í Sahara eyðimörkinni. Það telst eitt af vanþróuðustu löndum heims. Íbúar landsins eru rúmlega tíu milljónir og tilheyra yfir 200 ólíkum þjóðarbrotum. Opinber tungumál eru franska og arabíska og meirihluti íbúa aðhyllist íslam.

Kristniðóðarnir okkar líta á það sem hlutverk sitt að sá Orði Guðs. Ekki sé kominn tími mikillar uppskeru en sáningin er mikilvæg eigi uppskera að fást. Af öryggisástæðum viljum við ekki gefa upp rétt nöfn þeirra, en köllum hann Bisrat (en það þýðir sá sem flytur góðar fréttir)

og hana Bemnet (sem þýðir fyrir trú). Þau hafa ekki mörg tækifæri til að boða opinberlega, en eru duglega að mynda tengsl og tala við fólk maður á mann. Þau fá oft tækifæri til að lesa í Biblíunni með fólki og ef Guð opnar hjarta fólksins, segja þau frá frelsisverki Krists. Þá gefa þau fólki Biblíuna, ýmist prentaða, á minnislykli eða sem hljóðbók. Jesúmyndin er líka leið að hjörtum fólks en margir hafa fengið að sjá

hana. Eins og víðar á kristniðóðsákrinum eru ýmsar áskoranir sem mæta þeim svo sem veðurfarslegar, heilsufarslegar og samfélagslegar. En þar að auki það, sem allir kristniðóðar vildu geta haft, meira fjármagn til starfsins til að kaupa sitthvað sem gerir starfið auðveldara, svo sem fleiri Biblíur, sýningarvél og farartæki. Munum eftir þeim í bænum okkar.



Árangur og áskoranir í Pókot í Keníu

Kirkjurnar í Pókot

Frá því að íslenskir kristniðóðar hófu starf í Pókot héraði í Keníu árið 1978 hefur fjöldi fólks tekið á móti fagnaðarerindinu og kirkjan breiðst út og margfaldast. Erfitt er að segja nákvæmlega til um fjölda safnaða en sé miðað við kirkjubyggingar og skóla skipta söfnuðirnir hundruðum. Kirkjubyggingarnar sjálfar, bæði fullbyggðar og þær sem enn eru í byggingu, eru yfir 300. Þeir, sem upphaflega heyrðu boðun íslensku og norsku kristniðóðanna og tóku við Kristi, eru fullorðnir og fara fyrir útbreiðslustarfi til nýrra staða. Þótt okkur finnist það ótrúlegt finnast staðir í Keníu þar sem fagnaðarerindið hefur ekki enn fengið að heyrast.

Söfnuðirnir leggja mikið upp úr því að eiga sinn eigin samkomustað til að hittast, lofa Guð og heyra hans orð. Eins og á Íslandi getur það tekið mörg ár að safna fyrir og reisa kirkju. Síðan tekur við viðhaldið endalausa eins og Íslendingar þekkja vel.

Flestar kirkjurnar búa stöðugt við miklum vexti enda fjölga íbúum Keníu gríðarlega og eru nú um 57 milljónir. Í Pókot er fæðingartíðni há og meðaltal fæðinga er tæp 7 börn á konu. Þjóðin er ung og talið er að 73% íbúa séu undir þrítugu.

Þegar söfnuður hefur orðið til kemur gjarnan ósk um skóla fyrir börnin. Í Keníu er gjaldfrjáls grunnskóli upp í 7. bekk.



Frá Miskwony

Þó er víða í sveitum langt fyrir börnin að komast í skóla. Kirkjan, Evangelical Lutheran Church in Kenya (ELCK), hefur komið að stofnun um 200 grunnskóla, 38 framhaldsskóla og eins kennaraskóla í Pókot. Kristniðóðssambandið og íslenska utanríkisráðuneytið hafa lagt mörgum

þeirra lið með því að byggja skólafundur, heimavistir eða bora fyrir vatni og leiða í vatnstanka.

Skólarnir í Pókot

Gríðarlegar áskoranir fylgja skólustarfi í Keníu, bæði hvað varðar aðbúnað og aðgengi. Enn er sumsstaðar kennt undir tré þótt það sé affleitt í hádegissólinni eða rigningum regntímans. Það er því engin furða að fólk óski eftir góðu skóláhúsnæði og aðbúnaði fyrir börnin. Menntun fyrri kynslóða er mismikil eftir svæðum og foreldrar núverandi skólabarna hafa ekki endilega lokið framhaldsskóla sjáfir, sumir ekki einu sinni grunnskóla. Þetta á sérstaklega við í sveitum og þar sem þjóðflokkar hirðingja búa. Kennararnir sem ráðnir eru af ríkinu hafa ágætis menntun og skólastjórnarnir bera þeim yfirleitt vel söguna þótt þeir kenni oft við erfiðar aðstæður.

Ég varð þess heiðurs aðnjótandi að fara í ferð til Keníu nú í maí til að kynna starfi SÍK og ELCK kirkjunnar, en kirkjan er stofnandi um 200 skóla. SÍK og utanríkisráðuneytið hafa komið að uppbyggingu margra þeirra. Eftirfarandi eru nokkur dæmi um uppbyggingu sem SÍK hefur komið að með styrkjum frá utanríkisráðuneytinu og kristniðóðsvinum.



Kirkjugrunnur í Miskwony

Grunnskólinn í Tuwit

Í grunnskólanum í Tuwit, sem er reyndar í Baringo sýslu, hafa tvær skólastofur verið byggðar með styrk frá utanríkisráðuneytinu og SÍK. Elstu börnin í skólanum eru í 9. bekk þetta skólaárið og aðstandendur skólans vonast til þess að geta boðið upp á 10. bekk þar næsta vetur. Til þess að það geti orðið vantar fleiri skólastofur, heimavist og borholu. Í þessu kristallast vandi skólakerfisins. Hið opinbera á að reka skólana en það gerir ekkert fyrir en heimamenn hafa komið skólanum af stað og jafnvel reist fyrstu skólastofurnar. Því hefur kirkjan oft stigið fyrstu skrefin í því og þá koma yfirvöld til móts við heimamenn með skólastofum og kennurum. Yfirvöld eiga að greiða kennurum laun en yfirleitt duga þau ekki nema fyrir hluta kennaranna sem þarf fyrir nemendafjöldann. Heimamenn greiða því oft laun nokkurra kennara í viðbót.

Heimavistirnar eru svo sér kapituli því helsta hindrunin fyrir skólagöngu barnanna – og þá sérstaklega stúlknanna – er fátæktin. Þótt grunnskólinn sé gjaldfrjáls er framhaldsskólinn það ekki. Frá 8. bekk þurfa foreldrar að greiða skólagjöld fyrir börnin sín. Lágmarkslaun í Keníu er skv. lögum 13.000 KES á mánuði en gengi Keníashillings er u.þ.b. það sama og íslensku krónunnar. Margir eru alls ekki í launaðri vinnu og reyndin er sú að verkafólk, t.d. það sem starfar í mötuneytum skólanna, fær oft ekki meira en 4-5000 KES í mánaðarlaun að sögn heimafélks. Hlutur foreldra í skólagjöldum fyrir eitt barn á heimavist er um 35.000 KES á ári þannig að það segir sig sjálft að margir hafa ekki efni á skólagjöldum eins barns, hvað þá margra.

Barnabréðkaup

Helsta hindrunin fyrir menntun stúlknanna eru barnabréðkaup og á mörgum stöðum í dreifbýli er umskurður á kynfærum kvenna ennþá stundaður. Foreldrar sjá oft ekki annan kost en að gifta dóttur sína til þess að fá nokkrar geitur og annað brúðarverð sem vonbiðillinn greiðir þeim fyrir brúðina. Almennt þykir besta lausnin til að forða stúlkunum frá þessum ómurlugu örlögum er að bjóða upp á heimavistar skóla fyrir þær. Þá fá þær öruggt húsaskjól og fæði í skólanum og geta stundað námið án þess að þurfa að sinna húsverkum á heimilinu. Skólagjöldin fyrir heimavist er þó of stór biti fyrir margar fjölskyldur og kirkjan og kristniðóðsvinir fá endalausar beiðnir um styrki fyrir skólagjöldum. Að sögn skólastjóra framhaldsskólanna er þetta



Skólastelpur í Tuwit



Sigríður og Margrét



Stelpurnar í Terero

helsti vandinn þegar kemur að menntun stúlkna. Utanríkisráðuneytið hefur veitt fé til að styrkja nokkrar stúlkur og kristni-boðsvinir hafa gert slíkt hið sama. Við upphaf skólaársins nú í vor gátum við veitt þónokkrum stúlkum skólalstyrki til þess að þær yrðu ekki sendar heim vegna skuldar við skólann.

Framhaldsskólinn í Miskwony

Í Miskwony, á sléttunum á Kongelai svæðinu, er heimavistarskóli fyrir stúlkur. Þar á skólastarf ekki ýkja langa sögu, foreldrarnir yfirleitt ómenntaðir og eiga erfitt með að greiða skólagjöldin fyrir börnin sín. Sumir hafa meira að segja ekki efni á að

koma börnunum í skólann því fjarlægðin að heiman er of mikil til að fara fótgangandi og farið með mótórhjólí of dýrt. Í Miskwony hefur kirkjan lagt á sig mikla vinnu til að koma upp skóla. Ester skólástjóri er mjög útsjónarsöm þegar kemur að því að útvega maís, sápur eða aðrar nauðsynjar sem foreldrar ættu að greiða fyrir en geta ekki. Dina djákni hefur einnig stutt við bakið á henni og aðstoðað með stúlkurnar á heimavistinni. Söfnuðurinn á staðnum stendur þétt að baki skólanum þrátt fyrir að safnaðarmeðlimir séu einnig fátækir og ómenntaðir. Þá langar að reisa sér kirkju en þurfa enn sem komið er að láta sér nægja moldarkirkju með bárujárnspaki og grunn

að nýrri kirkju sem er á góðri leið með að skolast burt vegna þess að þeim tekst ekki að halda áfram með bygginguna.

Framhaldsskóli fyrir piltá í Korpu

Í Korpu er söfnuður, grunnskóli og framhaldsskóli fyrir piltá. Þangað er um þriggja tíma akstur frá Kapenguria, helmingur leiðarinnar gott malbik en hinn helmingurinn einfaldur malarvegur. Í Korpu er ný heimavist fyrir strákana sem utanríkisráðuneytið lagði SÍK lið með að reisa. Skólástjórinn John Kamao er spenntur fyrir skólaárinu og þakklátur fyrir nýju heimavistina. Samson Limara er prestur í Korpu en hann tók skír hjá Ragnari



Nýja heimavistin í Korpu

Gunnarssyni árið 1988. Margrét fór fyrir vöskum hópi kvenna úr söfnuðinum í Korpu, sem tók á móti okkur og sýndi okkur kirkjuna sem þau eru tæplega hálfnuð með að reisa. Þau hugsa stórt og gera ráð fyrir vexti kirkjunnar næstu árin. Það var dýrmætt að geta heimsótt þau og sýnt í verki að við hugsum til þeirra og munum eftir þeim.

Stelpurnar í Terero

Í Toyo Terero er framhaldsskóli fyrir stúlkur og þar er ný risinn heimavistarskóli fyrir stuðning frá utanríkisráðuneytinu og SÍK sem gjörbreytir aðstöðunni fyrir stelpurnar. Þar tók á móti okkur líflegur og skemmtilegur hópur stúlkna sem söng og dansaði fyrir okkur á meðan regnið buldi fyrir utan. Vonandi eiga þær bjarta framtíð fyrir sér og geta tekið þátt í að bæta aðstæður kvenna í samfélaginu.

Umsókn um styrk til þróunarverkefna

Kristniðóssambandið sendi nýverið inn umsókn til utanríkisráðuneytisins vegna ýmissa þróunarverkefna næstu fjögur árin. Þar er óskað eftir stuðningi til vatnsverkefna, skólabygginga, heimavista, námskeiðahalds, trjáræktar o.fl. Svar ætti að liggja fyrir í sumar og vonandi getur Kristniðóssambandið þá hrint af stað ýmsum aðkallandi verkefnum.

Sigríður Schram



John skólastjóri í Korpu

Órói í Íran

Hér fyrir neðan fylgir með fréttamoli frá sjónvarpsstöðinni Sat-7 sem gefur örlitla innsýn í ástand síðustu vikna í Íran. Kristniðóssambandið styrkir útsendingar sjónvarpsstöðvarinnar.

Daglegar beinar útsendingar

Fyrir starf SAT-7 PARS („PARS“er persneskt orð sem vísar til persneskrar menningar) geta farsí mælandi kristnir menn, bæði innan og utan Írans, deilt trú sinni með þeim sem leita svara og auk þess hvatt trússystemi sínu. Boðskapurinn gefur bæði líf og von.

SAT-7 sendir daglega út dagskrá fyrir ungt fólk, konur, karla og börn. En 60 prósent þjóðarinnar er undir þrítugu og er margt þeirra örvæntingafullt gagnvart framtíðinni. Eiturlyf og sjálfsvíg er oft eina ráðið til að flýja raunveruleikann. Áhorfendur eru hvattir til að hringja inn í beina útsendingu stöðvarinnar til að taka þátt og þiggja bænir. SAT-7 PARS sendir einnig út kennslubætti til að styðja bæði kúgaða kristna menn í Íran og frjálsa armenska og assýrska þjóðernisminnihlutahópa.

Óstöðugleiki og órói

Undanfarnar vikur hafa komið slæmar fréttir frá Íran um óstöðugleika og mikinn pólitískan óróa. Það hefur haft djúpstæð áhrif á áhorfendur SAT-7 PARS og

sérstaklega trúaða Írani sem búsettir eru utan heimalandsins. Nýlega varð sprenging í stærstu viðskiptahöfn Írans sem olli gífurlegri eyðileggingu. Fréttir berast um sífellt strangari lög sem hafa áhrif á konur og eru brot á trúfrelsi. Kristnir hafa verið teknir til fanga vegna trúar sinnar og ört vaxandi efnahagskreppa er í landinu. Í lok apríl staðfesti áfrýjunardómstóllinn í Teheran samtals 40 ára fangelsisdóm yfir þremur einstaklingum vegna trúar þeirra. Þar á meðal var barnshafandi kona, Narges Nasri, sem gekk með sitt fyrsta barn, en hún fékk 15 ára dóm vegna kristilegs starfs síns og þyngdist dómurinn um eitt

Bænarefni:

- Biðjum fyrir starfsfólki SAT-7 Pars í samtölum við áhorfendur og þegar þau svara skilaboðum frá fólki í Íran.
- Biðjum fyrir trússysteminum okkar í Íran sem nýlega hafa fengið langan fangelsisdóma, sérstaklega Narges Nasri sem er barnshafandi.
- Biðjum þess að Drottinn gefi frið í Íran, frelsi og réttlæti.
- Biðjum fyrir öllum þeim sem sæta dóms í Íran vegna trúar sinnar og baráttu fyrir mannréttindum.

TILBOÐ

Föndurbiblía barnanna og trélitir

4.700 kr.



salt.is



Guð að verki: Sögur um forsjá, endurreisn og von

Kæru vinir!

Við erum spennt að deila nokkrum nýlegum sögum sem minna okkur á trúfesti Guðs á öllum tímum – sögur um hvernig Guð veitir hjálp varðandi hagnýt mál, hvernig hann endurreisir fjölskyldu og opnar hjörtu fyrir fagnaðareringinu á óvæntum stöðum.

Lagaleg framvinda og óvænt forsjá

Undanfarna mánuði höfum við farið í gegnum langt og flókið ferli við að skrá kirkjuna okkar hér í Bretlandi sem almannaheillafélag. Það hefur verið löng vegferð, en Drottinn hefur séð fyrir okkur á einstakan hátt. Eitt bænasvar kom í formi bandaríks lögfræðings sem, ásamt konu sinni, gekk nýlega til liðs við kirkjuna okkar. Þótt hann hafi ekki leyfi til að starfa sem lögmaður í Bretlandi hefur hann aðstoðað okkur við að útbúa þau skjöl sem við þurfum að framvísa og svo höfum fengið breska lögfræðinga til að fara yfir þau fyrir okkur. Þetta hefur flýtt fyrir okkur og við erum nú að leggja lokahönd á pappírana. Við vonumst til að geta skilað þeim til yfirvalda á næstu vikum. Við erum svo þakklát fyrir fullkomna tímasetningu og forsjá Guðs.

Fjölskylda sameinuð og endurleyst

Ein af leiðtogum okkar, Anahita, var aðskilin frá dóttur sinni, Dinu, í 10 ár. Hún þurfti að skilja Dinu eftir í Íran þegar hún var aðeins 5 ára gömul. Frá þeirri stundu sem Anahita gekk til liðs við kirkjuna okkar hvöttum við hana til að vera trúföst og treysta á tímasetningu Guðs.

Líf Dinu í Íran var ótrúlega erfitt. Hún var alin upp án móður sinnar, af föður sem glímdi við fíkniefnaneyslu og hún upplifði djúpan sársauka og vonleysi. Á einum tímamarki reyndi Dina að svipta sig lífi. En í gegnum allt þetta verndaði Guð hana.

Í fyrra, eftir margra ára sorg og fyrirbærir, opnaði Guð leið fyrir Dinu að sameinast móður sinni á Bretlandi. Svo gerðist það í gær – á hvítasunnudag – að Anahita stóð upp í guðsþjónustunni með tårin í augunum og lýsti yfir: „Dóttir mín er tilbúin að gefa Jesú hjarta sitt.“ Hvílik fagnaðarstund!

Þegar við tókum á móti Anahitu, Dinu og móður Anahitu á sviðinu, deildi Anahita hjartnæmum vitnisburði:



„Á þessum tíu árum hætti ég aldrei að biðja. Ég hélt fast við loforð Guðs – að ef einn meðlimur fjölskyldunnar kemur til Krists, þá mun hann blessa restina. Drottinn heyrði bæn mína – fyrst með því að endurleysa móður mína og nú dóttur mína.“ Hallelúja!

Trúarfræ í Íran

Við viljum einnig segja ykkur frá hvernig Drottinn getur starfað þvert á landamæri. Í gegnum kæra trússystem í Grikklandi kynntumst við syni hennar, Amir, sem býr í Íran. Hún spurði hvort Mehran gæti talað við hann um Jesú og Guð opnaði leið.

Þegar Mehran talaði fyrst við hann sagði Amir: „Ég trúí að við séum öll Guð.“ Mehran deildi blíðlega með honum sannleikanum um hver Guð er og hvers vegna iðrun skiptir máli. Hann hlustaði með opnu hjarta og svaraði fljóttlega: „Vinsamlegast hjálpaðu mér að skilja hver Guð er.“ Síðan þá hafa Mehran og Amir verið að lesa Biblíuna saman og Amir hefur byrjað að biðja og

fasta. Hann sagði okkur nýlega: „Ég finn frið í lífi mínu.“

Amir vinnur langan vinnudag, sem gerir okkur erfitt að vera í reglulegum samskiptum við hann, en hann er ódfús að halda áfram að kanna trú sína. Vinsamlegast biðjið með okkur að Drottinn opinberi sig betur fyrir Amir og að fræin sem sáð eru muni festa djúpar rætur.

Við þökkum ykkur fyrir að standa með okkur í bæn, hvatningu og trú. Þessar sögur eru góð áminning um að Guð lætur ekki staðar numið – hann heldur áfram að leiðbeina, endurreisa og kalla fólk til sín. Við skulum halda áfram að treysta honum í öllu!

Janet og Mehran

„Við eigum fullvissu um kærleika Krists.“

Fyrir einu og hálfu ári komu írönsku hjónin Esmæil og Fatemeh í íslenskukennslu Kristniboðssambandsins. Þau höfðu flúið til Íslands vegna ofsókna í heimalandinu sínu.

Starfsmaður Kristniboðssambandsins settist niður með þeim og fékk að heyra sögu þeirra.

Uppvöxtur í Íran

Þau ólust bæði upp í borginni Gilan í norður Íran. Esmæil er með diplómu í tölvufræðum og Fatemeh í mannvísindum. Esmæil ólst upp með móður sinni, bróður og systur. Faðir hans vann fyrir fjölskyldunni í Teheran og kom einungis heim í stuttan tíma í einu áður en hann fór aftur. Móðir hans sá um heimilið og vann á te-akri. Fatemeh á 7 bræður. Faðir hennar dó þegar hún var ung og móðir hennar þegar hún var unglingur. Móðir hennar hafði unnið á hrisgrjóna-akri til að framfleyta stórum barnahópi.

Breyting til hins verra

Síðustu árin þeirra í Íran var erfiður tími. Þá voru mikil mótmæli í landinu í kjölfar

morðsins á Mahsa Zhina Amini, ungrar stúlku sem var tekin höndum af siðferðis-lögreglunni því hún bar höfuðslæðuna ekki rétt og þurfti að sæta hræðilegum pyntingum í varðhaldi. Þegar múllarnir – æðstu trúarleiðtogar Írans – tóku völdin urðu miklar trúarlegar breytingar; efnahagslegar og stjórnarfarslegar og félagsleg vandamál mögnuðust með hverju árinu. Á þeim tíma tóku Esmæil og Fatemeh þátt í að hjálpa konum og stúlkum að lenda ekki í klóm lögreglu og öryggisvarða múllanna.

Kristin trú og flótti

Bróðir Esmæil hafði gefið Kristi líf sitt og leitt Esmæil og Fatemeh til trúar. Þau eignuðust trú sem átti eftir að gefa þeim fullvissu um kærleika Krists og nærveru í ömurlegum ofsóknum hatursfullra yfirvalda gegn þegnum sínum. Árið 2021 ákváðu þau að snúa baki við Íslam og treysta Guði fyrir lífi sínu.

Þau fóru huldu höfði í hálf tveggja ár áður en þau flúðu frá Íran í desember 2023. Faðir Esmæil og bróðir voru þeir einu sem vissu af áformum þeirra. Enginn í fjölskyldu

Fatemeh vissi um áætlunina en hún átti bræður sem voru í lögreglunni. Með því að selja hluta af landinu sínu greiddi faðir Esmæil þeim er aðstoðuðu þau að flýja landið. Þau komust óhult úr landi og eru Guði ómetanlega þakklát fyrir að hafa blindað augu fulltrúa stjórnvalda er þau flúðu land. Í stað þess að vera stoppuð þá skýldi Guð þeim og leiddi þau út í frelsið.

Óvissa um framtíðina

Þegar þetta er skrifað bíða Esmæil og Fatemeh eftir að fá úrskurð um dvalarleyfi hér á Íslandi. Þau eru yfirmáta þakklát fyrir tímenn sem þau hafa verið hér og þrá að fá að búa í þeim friði, öryggi og frelsi sem landið hefur að geyma. Það er ánægjulegt að hafa fengið að fylgjast með þeim frá því þau komu til landsins, hversu vel þau hafa aðlagast okkar menningu og tungumáli, eignast íslenska vini og tekið þátt í kristilegu starfi. Og ekki síður hversu mikið þau hafa vaxið í trúnni á Jesú og gefið honum allar sínar áhyggjur og ótta.

Bryndís Róbertsdóttir



Á döfinni

UL og GF í Noregi

Eins og undanfarin ár býðst íslenskum ungmönnum að taka þátt í landsmóti æskulýðshreyfingar norska Kristniboðs-sambandsins (Misjonssambandet Ung) sem fram fer í Stavanger 8. - 13. júlí nk. Íslendingar frá frían aðgöngumiða á mótið og fría gistingu og a.m.k. 15 manna hópur íslenskra ungmenna ætlar að þiggja boðið. Um 3000 ungmenni taka þátt í mótinu og þar er boðið upp á samkomur, lofgjörð, námskeið, tónleika og afþreyingu af ýmsum toga. Björn Ingi Árdal Stálason mun fara fyrir íslenska hópnun en hann verður einnig ræðumaður á mótinu. Margrét Helga Kristjánsdóttir fer einnig með sem fararstjóri. Nánari upplýsingar er hægt að fá á skrifstofu SÍK eða með því að senda póst á sigrídur.schram@sik.is. Á sama tíma fer fram aðalfundur og sumar-

hátíð NLM og nokkrir Íslendingar hafa hug á að sækja hana. Nánari upp-lýsingar eru á slóðinni www.nlmgf.no/.

Árlegt sumarmót SÍK að Löngumýri

Mótið verður haldið 18. - 20. júlí. Skráning fer fram á Löngumýri í síma 453 8116 eða með tölvupósti á netfangið langamyri@kirkjan.is. Hægt er að panta svefnpláss inni og mat, eða panta tjaldstæði og vera með eigin mat, eða vera í mat að einhverju leyti.

Kenúkvöld

Í haust stendur til að halda Kenúkvöld fyrir alla velunnara Keníu. Það verður nánar auglýst þegar nær dregur.

Fjölskyldumót í Vatnaskógi 3.-5. okt.

Sameiginlegt fjölskyldumót SÍK, Saltkristins samfélags og Íslensku Kristskirkjunnar.

Væntanlegir gestir mótsins koma frá Kirkjuliga Heimamissíónin í Færeyjum.

Kristniboðsdagurinn 9. nóvember

Kristniboðsdagurinn, sem að jafnaði er annan sunnudag í nóvember, ber í ár upp á 9. nóvember. Hefðin er að SÍK tengist útvarpsguðsþjónustu dagsins og Kristniboðsfélag karla verður með kaffisölu í Kristniboðssalnum.

Jólabasar Kristniboðsfélags kvenna

Árlegur jólabasar Kristniboðsfélags kvenna verður laugardaginn 15. nóvember.

Samkomur á miðvikudögum

Að venju eru samkomur eða fræðslustundir í Kristniboðssalnum alla miðvikudaga ársins nema um jól og í júlí. Fylgist með dagskránni á heimasíðu SÍK, sik.is, og á facebook síðu SÍK.



Við uppsprettuna eftir Öivind Andersen

Hugvekjur fyrir hvern
dag ársins. 415 blaðsíður.
Á tilboðsverði á saltforlag.is

Aðrir sölustaðir:

Basarinn (Austurvegur, Háaleitisbraut 68)
Skrifstofa SÍK (Miðbær við Háaleitsbraut)
Kirkjuhúsið (í kjallara Bústaðakirkju)
Jatan (Hátún 2)